

Samningur Akranesskaupstaðar og N4 ehf. vegna þáttagerðar á Vesturlandi 2016.

1. gr. Samningsaðilar

Samningsaðilar eru Akraneskaupsstaður kt. 410169-4449 og N4 ehf., kt. 660500-3750.

2. gr. Tengiliðir verkefnis

Tengiliðir vegna samnings þessa eru Regína Ásvaldsdóttir f.h. Akraneskaupsstaðar og María Björk Ingvadóttir, f.h. N4.

Tengiliður vegna þáttagerðar er Regína Ásvaldsdóttir , f.h. Akraness og Heiðar Mar Björnsson, umsjónarmaður „Að vestan“.

3. gr. Um verkefnið

Verkefnið felur í sér umfjöllun um Vesturland í vikulegum þætti á sjónvarpsrás N4 árið 2016. Þátturinn nefnist „Að vestan“ og verða alls sýndir 22 þættir, hver um sig alls hálftími að lengd.

Verða 11 þættir sýndir á tímabilinu apríl til júní og 11 þættir á tímabilinu ágúst til desember.

N4 ehf. skuldbindur sig til að semja við fyrirtæki/verktaka á Vesturlandi um framleiðslu þáttanna.

Markmið verkefnisins eru að:

- Stuðla að aukinni umfjöllun um atvinnu- og mannlíf á svæðinu.
- Stuðla að aukinni upplýsingagjöf um svæðið, bæði fyrir íbúa þess og aðra landsmenn.
- Kynna fjölbreytt tækifæri og áhugaverða nýsköpun í höndum ólíkra aðila.
- Kynna svæðið sem kost til búsetu og atvinnustarfsemi.
- Beina sjónum að þeim sem bjóða vörุ og þjónustu á svæðinu.
- Styrkja ímyndarsköpun og sjálfsmynd íbúa gagnvart landshlutanum.
- Stuðla að jafnvægi í umfjöllun um bæði kyn og ólíka aldurshópa.

N4, og þeir aðilar sem N4 kann að fela framleiðslu þáttanna, hafa fullt ritstjórnarlegt sjálfstæði og ákvörðunarrétt um efnistök.

Tengiliður sveitarfélagsins vegna þáttagerðarinnar verður dagskrárgerðarfólki innan handar með upplýsingaöflun og tillögur að efni.

4. gr. Greiðslur

Akraneskaupsstaður styrkir þáttagerð samkvæmt samningi þessum um kr. 500.000 sem verður til greiðslu í maí 2016, kr. 250.000 og 250.000 1. ágúst 2016.

5. gr. Aðrir skilmálar

Þeir aðilar sem verða til umfjöllunar í þáttunum skulu eiga þess kost að birta efnið á heimsíðum sínum eða samfélagsmiðlum án sérstaks endurgjalds, eða sýna efnið með öðrum hætti í kynningar- og fræðsluskyni.

Aðilar samningsins eru sammála um að eiga fundi tvisvar á samningstímanum, einu sinni á honum miðjum og einu sinni í lok hans, til þess að ræða framkvæmd samningsins.

6. gr. Uppsögn

Ef kemur til ágreinings um framkvæmd samningsins eða greiðslur samkvæmt honum er báðum aðilum heimilt að segja samningnum upp fyrir 15. júlí og tekur uppsögnin þá gildi þann dag. Frá þeim tíma falla niður allar skuldbindingar samkvæmt samningnum.

Akureyri, 2. maí 2016

F.h. N4 Sjónvarps

María Björk Ingvadóttir
Framkvæmdastjóri N4

F.h. Akranesskaupstaðar


Regína Ásvaldsdóttir
Bæjarstjóri